

Effie.

Eftir Annie Frost.

"Það er alt," endurtók Effie, innilega þakk-lát frænda sínum fyrir hjálpinu.

"Eg ráðlegg stóran skamt af morgun-svefni, og stutta ökuferð síðari hluta dags," sagði Marshall.

"Má eg hafa þá ánægju —" sagði Georg fljótlega.

"Já, auðvitað. Þú ráðir nær þú farið," og svo yfirgef hann þau.

Það var ekkert óvanalegt við þetta, en Effie hafði aldrei áður fundið, að hún væri sem fugl í búri, og feimni hennar hefir eflaust verið smitandi, því nú var löng þögn. Georg talaði fyrst.

"Effie — fyrirgefðu, ungfrú Marshall," því hún hafði teygð úr sér með dremblegri hreyfingu. — Röðinn breiddist um kinnar hennar, en hún sagði rólega: "Við munum sakna yðar mikið."

"Eg vildi að eg gæti lokað þá huggun inni í huga mínum. Viljið þér leyfa mér að ónáða yður með því, að hlusta á áform mín litla stund?"

"Eg skal ekki álíta það neitt ónáði," sagði hún og brosti kurteislega.

"Fæðir mínir er skipaður konsúll í Brazílu, og eg verð skrifari hans. — Eg fer nú til New York til að sjá um viðskifti mín, þar er við eignum að fara í desember. Viljið þér ekki óska okkur til hamingju?"

"Með hvað?"

"Ó, allir álíta þessar útnefningar til opinberra starfa þessháttar, sem í ríki mæli verðskulda hamingjuóskir."

"Gerð þá svo vel að bæta mínum við annara."

Löng þögn varð, en Georg rauf hana loksins. "Já, eg fer á morgun. Nær finnumst við aftur?"

"Bráðum, vona eg."

"Getur verið, en það er undir yður komið. Eg verð að tala, Effie, því þetta eru máské síðustu augnablikin, sem við getum verið tvö ein saman. Eg verð að segja þér — og nú verð ródd hans blíð og innleg — "að þú ert minn bezt vinur, ef þú vilt leyfa mér að elska þig. Lífsgefa mín liggur í þínum höndum; eg elska þig af öllu hjarta, og eg spyr hátt áfram og hreinskilnilega, eins og eg veit að þín hreina hugsun mun svara mér: Getur þú endurgildið ást mína?"

Sveimandi gæfustrumur gerði hana þögula, en hann las svarið í svip hennar. Hann dró hana að brjosti sér og horfði í augu hennar, meðan hann hvíslaði ástúðlega:

"Kona mín, mín litla Effie!" og þannig fann Marshall þau.

Effie flýði undan storkandi hlátrinum hans, en Georg stóð djartur og myndarlegur fyrir fram á hana. Viðstöðulaust gaf gamli maðurinn samþykki sitt; því hann kunni að meta gáfur og góðgi hins unga elskhuga og hinn flekklausu lífsferil hans, og hin margra ára gamla vinátta við föður annars, og frændsemin við hinn, af þessum tveim elskendum, minkaði ekki gleðina, sem lifaði í huga hans við þetta giftingarútlit Effie. Charles Marshall var sannfærður um, að þessi gersemi hans var elskuð vegna hæfileika sinna en ekki vegna auðsins.

Það var ákveðið að fara strax heim til Haresdale, svo mögulegt væri að gera viðeigandi undirbúning fyrir brúðkaupið. Einn nóvemberdagur var kjörinn til að vera giftingardagur þeirra, og frú Marshall kom til að óska þeim til hamingju. "Brazíla," sagði hún, "er óheilmænt pláss, og Effie er ekki heilsusterk." En hún óskaði þeim allrar hamingju, og lofaði að vera viðstödd giftingu þeirra.

Þegar þau voru búin að ákveða að fara frá Newport, gáfu þau Marshall og Effie góðar gefur þeim frá Marshall og Láru, og eftir það ferðuðust þau til Niagara. Fæinar vikur voru þau á ferðalagi, og Marshall bætti við þær nokkurra daga dvöl í New York. Hann sagði brosand, að fataefni frá hinum mikla höfuðstað, væri aðeins notandi í brúðarfatnað Effie.

Ad lýsa gleði frú Lawrence, þegar hún bauð þau aftur velkominn til heimilisins, er ekki á mínu valdi. Húsið í bænum var ekki leigt öðrum, því Effie óskaði að dvelja síðustu mánuðina af meyj arlífi sínu á því heimili, sem hafði gert hana svo gæfurika. Marshall gat ekki séð af eftirlæisgöfni sínu svona alt í einu, svo hann afreð að fara með þeim til Brazílu. Hið langa einverulíf hans gerði útlitið til þessarrar ferðar mjög vonríkt um góða ánægju. Mörg voru áformin, sem þessar gæfuriku manneskjur lögðu viðvíkjandi framtíðinni, og hið sorgþrungna andlit frú Lawrence gat einu sinni ekki trúflað gleði þeirra.

"Við skulum koma heim á hverju sumri," sagði Effie; "og ef þú ert hér ekki, hverskonar heimili finnum við þá?"

"Ó, en hugsaðu um langa veturinn, góða mín!"

"En frændi segir að þú megir fá son þinn og konu hans þér til skemtunar hér."

"En eg er nú orðin svo vön við þig, góða

mín, að það verður dimt í húsinu, þegar þitt andlit vantar."

"En ekki dimma en var áður en eg kom hingað."

"Einmitt það. Ef herra Georg ferðaðist í burtu, myndir þú ekki sakna hans meira, heldur en þú gerðir áður en þú fórst til New Port?" sagði gamla konan gletnislega; og brosand og roðandi varð Effie að taka röksendur frá Lawrence gildar.

Sumarið var líðið og haustsins mörgu litir settust í hið græna sæti þess. Hneturnar duttu á jörðina, dagarnir stytust og fjórgurur eldur í ofninum var betur og betur þeginn, þar er morgnarnir og kvöldin urðu æ kaldari. Saumakonur og sölukonur kvenfataefna sendu verðmæta böggla á hverjum degi, sem eru svo nauðsynlegir fyrir tilbúning brúðarfatnaðar, því giftingardagurinn var farinn að nálgast. Georg var í New York ásamt föður sínum, en Effie vissi, að hann myndi brátt koma til að sækja hana.

Það var einn góðan veðurdag seint í október, einn af þessum sólskinsríku dögum, sem koma manni til að gleyma hinu vantanlega þunglyndi vetrarins. Hlaðin gæfurikun hugsum gekk unga stúlkan fram og aftur í sólbyrginu og beið þess að frændi hennar kæmi, svo þau gætu fengið sér hina venjulegu skemti-reið. Dökkbláa kjólinn sinn hafði hún fest upp, svo hann hindraði ekki frjálsa hreyfingu fótanna; litlu húfuna hafði hún dregið ofan fyrir eyrun, og gekk hratt um gölflið til að halda sér heitri. Hotspur og Selim stóðu söðlaðir við girðinguna, því það var næstum hálfri stundu seinna en þau voru vön að fara, en Marshall kom ekki.

Gluggarnir hans sneru að þakinu á sólbyrginu, og Effie hljóp ofan tröppurnar til að kalla á hann. Henni til undrunar voru bláurnar enn fyrir gluggunum, sem voru aðeins ofan til opnar, og hún vissi undireins að frændi hennar var ekki kominn á fætur. Hlaðandi að hugsuninni um hegningarræðuna, sem hún ætlaði að halda yfir leti hans, hljóp hún upp stígann og barði að dyrum hjá honum, en ekkert svar kom; hún beið, og barði svo aftur: "Charles frændi! Frændi!"

En ekkert svar heyrðist. Grunur um að eitthvað væri að honum, kvíkaði undireins í huga hennar.

"Frændi!" kallaði hún hátt, "ertu veikur?" Ef þú svarar ekki, þá kem eg inn!" En sama kyrdin ríkti og ekkert svar kom; og þú opnaði hún dyrnar. Hún leit til rúmsins, og það sem hún sá þar, kom henni til að hlaupa þangað í dauðans ofboði.

Hann lá með höfuðið neðan við koddann og dró andann með erfiðisförunum; hendurnar voru kreftar saman og andlitið afmyndað af kvöllum.

"Ó, góði frændi, þú ert mikið veikur!" sagði hún og laut niður að honum. Hann svaraði ekki, en virtist eiga enn bágra með að anda, þegar hann opnaði augun og starði tryllingslega á hana.

"Þekkir þú mig ekki, frændi?" spurði hún með klökkri röddu; aðeins augun svöruðu henni, þau urðu blíð og ástúðleg.

"Þú getur ekki talað?" spurði hún, og um leið vissi hún, að eitthvað þurfti að gera undireins.

Hún hristi af sér hræðslumáttleysið, sem hún fann að var að gripa sig, og sagði innilega: "Eg verð að yfirgefa þig eitt augnablik, til þess að senda James eftir Hall lækni; en eg kem undireins aftur."

Hún kysti skjálfaandi varirnar löngum kossi og þaut svo í burt. Dr. Hall var lækni í G—. Hann hafði verið kallaður til hennar, þegar hún kom fyrst til Haresdale, til þess að lækna slæman hósta, sem amaði að henni, og hún þekti hann sem vingjarnlegan, gamlan mann, er hafði strokið hendinni um höfuð hennar og beðið hana að vera sem oftast beru lofti. En hún mundi líka, að frændi hennar hafði talað um hann sem duglegan og reyndan lækni, og undir þessari miklu ábyrgð, sem á henni hvíldi, hugsaði hún fyrst um hann.

Þetta var löng leið fyrir James, en hesturninn stóð ferðubúinn, og fæin orð um hættna. Sem húsbóndi hans var stóður í, komu honum til að nota krafta hestsins eftir því sem bezt hann gat.

Frú Lawrence var sú, sem næst var kallað á, og hennar rólega framkoma var Effie mikil huggun. Þær gátu ekkert gert; þær vissu báðar að fávizka þeirra hindraði tilraun til að lina þjálningar veika mannsins. Þær vöktu og biðu, en löngu stundirnar virtust aldrei ætla að, enda, Effie hafði farið úr reiðfötunum og í morgunakjól, og hafði svo sezt við rúmið hans. Stóru, ástríku augun hans sýndu, að honum var ánægja að hafa hana þarna, en engin hreyfing, ekkert orð rauf hina voðalegu kyrr. — Loks heyrðist fótak, frú Lawrence opnaði dýrnar og andlitið náfölt.

"Veiztu það?" sagði hann ákafur, "að eins og þú stendur þarna með stelingervingsandlitið, gerir þú mig brjálaðann. Getur þú ekki talað?"

"Georg, eg hef sagð þér hvers vegna eg breyti eins og geri þér. Frændi minn er sá eini, sem eg má bera umhyggju fyrir."

"Effie, eg ætla að biða."

"Biða?" rópaði hún með sárri sorgartilfinningu. "Eftir hverju? Það getur ekki verið meining þín, að láta líf hans vera takmark giftingar okkar?"

"Átt þú við, að ekkert nema dauði hans geri þig frjálsa?"

"Já, ekkert annað."

"Effie, eru þetta þau einu orð, sem þú hefir handa mér? Þessi harða, grimma setning?"

"Ó, Georg, yfirgefðu mig! Farðu og hataðu mig, ef þú getur, eg get ekki breytt áformi mínu."

Aðeins einn dagur var eftir þangað til Georg ætlaði að koma, og Effie ákvað að spyrja læknirinn, hvernig veikin myndi enda. Svarið var vingjarnlegt, hreinskið og blátt áfram. Frændi hennar gæti máské seinna notað röddina, máské notað lími sína að einhverju leyti; en það mætti ef til vill búast við öðru slagi, og það sem hann setti eftir að lífa, yrði hann ósjálfbjarga, ef ekki alveg bannað að nota lími sína.

Löng nótt, með innlegum þennum, var undir búningur Effie til að mæta ástmög sínum. Sannfærð um ást og umhyggju frænda síns, knéféll hún við hlíð hins magnlausu manns, og lofaði að verja lífi sínu til að hugga og stunda hann, því hann hefði verið henni meira en faðir.

10. KAPÍTULI.

"Ungfrú Effie, Georg er niðri í salnum." Marshall svaf, og frú Lawrence hvíslaði þessum orðum að Effie.

"Eg kem rétt strax ofan."

"Góða mín, þessa viku hefir þú þjást mikið; þú ert jafnfró og líla, og augu þín eru svo þreytuleg. Herra Georg mun verða sorgbitinn yfir þessu mótlæti, sem þú hefir orðið fyrir."

Sorgbitinn! Effie skalf við að hugsa um þá raun, sem nú lá fyrir henni að framkvæma, en hún yfirgef herbergið með kyrd, gekk ofan stigann og að dagstofudyrnum. Biðjandi guð um hjálp, stóð hún auglit til auglitis við heimtöð sinn. Hann talaði til hennar ástríku orðum hreinskilinnar samhyggðar, því hann hafði frétt um þenna sorglega viðburð, og meðan hún stóð og horfði á hann sorgþrungnum augum, hlustandi á hans blíðu samhyggðarorð, fanst henni ómögulegt fyrir sig að framkvæma það, sem hún hafði ásett sér.

"Þú ert svo fól, Effie," sagði hann ástúðlega þú verður ekki fær um að þola ferðalagið, ef þú heldur áfram að stunda hinn veikna."

Augnablikið var komið. Föl og magnþrota, en með rólegri rödd sagði hún:

"Georg, eg get ekki farið til Brazílu."

"Ekkí farið?"

"Eg get ekki yfirgefið frænda minn. Talaði ekki strax, lofaðu mér að tala fyrst. Hall lækni segir, að hann verði fatlaður, það sem hann á eftir öllfað, máské alveg hjálparlaus. Hugsaðu þér, hvað hann hefir verið fyrir mig. Eg get ekki lýst helmingnum af þeirri ástúð, sem hann hefir sýnt mér. Alt það, sem eg er, á eg honum að þakka, heilbrigði, kærleika, gæfu; alt er það afleiðing af umhyggju hans fyrir mér; yfirgefin og hædd eins og eg var sem barn; og nú, þegar hann er veikur, þjáður og hjálparlaus, þá er það skylda mín og réttur, mín mesta ánægja, að eg er fær um að hugga hann og stunda á ökomnu tím unum."

"Og er eg þýðingarlaus fyrir þig um þessa ökomnu tíma?" spurði hann beiskjulega.

"Engan kulda. Talaði ekki kuldalega við mig, Georg. Það hefir öllað mér hinni erfiðustu baráttu á æfi minni, að hafna mínum eigin eiginjörnu óskum og ást þinni, vegna þessarrar skyldu, sem á að vera mín huggun og ánægja."

Hvita andlitið með biðjandi svipnum, stóru sorgþrungnu augun, horfandi á hann, staðfestu sannleikann í hverju einasta orði hennar, en enn þá sá hann aðeins sín eigin vonbrigði í þessum óvanta viðburði. "En, Effie, þú ert mín! Aðeins fáir dagar ökominn, og þú hefir verið konan mín. Að hugsa sér, að þessir fáu dagar hefðu verið líðnir áður en þetta vildi til!"

"Þá hefði það verið skylda mín að fylgja þér — nú er það skylda mín að vera hjá honum."

"Þú fleygir mér til hlíðar?"

"Eg gef þér frelsi þitt. Við skulum ekki skilja reið, Georg."

"Effie, þú skalt ekki standa þarna með rólegt andlit, án nokkurs snerts af tilfinningu, og segja mér, að það sé áform þitt að rífa þennan gæfubikar frá vörum mínum, að gera líf mitt koldimt, að hafna ást míni!"

"Georg! Georg! hlífðu mér!"

"Hlífir þú mér? Þú ferð með ást mína, eins og hún væri leikfang. Ef þú meinar það, sem þú segir, þá hefir þú ekki elskað mig; þú elskar mig ekki nú, eins og eg elska þig. Þú getur ekki fengið þig til að breyta svo grimdarlega við mig, svo falskt, ef þú elskar mig."

Hún stóð þegjandi og lyfti biðjandi augum til hans. Varirnar harðlokaðar og andlitið náfölt.

"Veiztu það?" sagði hann ákafur, "að eins og þú stendur þarna með stelingervingsandlitið, gerir þú mig brjálaðann. Getur þú ekki talað?"

"Georg, eg hef sagð þér hvers vegna eg breyti eins og geri þér. Frændi minn er sá eini, sem eg má bera umhyggju fyrir."

"Effie, eg ætla að biða."

"Biða?" rópaði hún með sárri sorgartilfinningu. "Eftir hverju? Það getur ekki verið meining þín, að láta líf hans vera takmark giftingar okkar?"

"Átt þú við, að ekkert nema dauði hans geri þig frjálsa?"

"Já, ekkert annað."

"Effie, eru þetta þau einu orð, sem þú hefir handa mér? Þessi harða, grimma setning?"

"Ó, Georg, yfirgefðu mig! Farðu og hataðu mig, ef þú getur, eg get ekki breytt áformi mínu."

"Effie, ertu orðin að steini, fyrst þú getur staðið þarna svo fól og róleg og sent mig í burtu? Á eg að fara? Eg kem máské aldrei aftur, því ef eg yfirgef þetta pláss í dag, get eg ekki komið aftur áður en eg legg upp í ferðina. Ef þú hrekur mig í burtu nú, þá verður það í síðasta sinni."

"Farðu."

Aðeins eitt einasta orð frá föllum vörum. Hann sneri sér til dýranna og lagði hendina á skráarhúnninn. Þar sneri hann sér skyndilega við, gekk yfir gölflið til hennar og tók hana í faðm sér.

"Effie! Effie! Þú elskar mig; fyrirgefðu grimd mína. Ó, elskan mín, sendu mig ekki burtu frá þér, það er enginn maður til jafntryggyr þér og eg vil vera. Ástin mín! Vesalings föla blómið mitt! Effie, þú sendir mig ekki burt!"

Hún hafði þolað hinar höfðu ásakarnir hans, bó að hvert orð væri sem hnífstunga í hjarta hennar; en hún fann kjarkinn minna við hin blíðu orð og ástríka faðmrag.

"Þú verður að fara," hvíslaði hún.

"Nei, það getur ekki verið alvara, sem þú segir, Effie!" Hann þrýsti henni að brjosti sínu, kysti áfergulega enni hennar, kinnar og munn, og hélt henni kyrr í faðni sínum.

"Georg, þú dreypur mig!" hrópaði hún utan við sig. "Lofaðu mér að fara!"

"Aldrei! Þú tilheyrir mér — mér einum!"

Og með handlegginn um mitti hennar féll hann á kné, leit upp til hennar og bað og grátbændi um að reka sig ekki burt. Með því að minna hana á ýms blíð atvik, á hennar eigin ást, á ástríðu hans, bað hann hana um að verða konan sín. En þó að augu hennar væru þrútin af sár-um tilfinningum, og hún þreytt og magnlitið af sorg, gat hann ekki vikið henni minstu ögn frá áformi sínu, sem hennar eigin samvizka hafði hjálpað henni til að taka.

"Ó, Georg, ef þú hefir nokkru sinni elskað mig, þá hætta þessu!"

"Þú hrekur mig í burt!"

"Það verður svo að vera; eg get ekki þolað þessar kvalir, get ekki þolað að heyra bænir þín ar lengur. Aumkvastu yfir mig! Hlífðu mér! Þú sprengir hjarta mitt!"

"Þú skreytir ekkert um þó þú sprengir mitt!" hrópaði hann ákafur um leið og hann stökk á fætur. "Vertu ekki hrædd um að eg komi með fleiri bænir. Vertu sæl! Þú sérð, stúlka, að eg hlýði." Og með háðslegri beygingu yfirgef hann hana.

"Ekkí í reiði, Georg! Georg!" kallaði ún og gekk nokkur skref áfram; en hann var farinn, og hún hné niður meðvitundarlaus á gölflið.

Það leið langur tíma þangað til að meðvitundin kom aftur, og þá með kveljandi hugsum; með tilfinningunni um að vera yfirgefin, gekk hún til herbergis síns, til að falla á kné og biðja um hjálp og huggun á þessum þungu reynslutímum. Ekkí glöð í huga, en með nýjan kjark og nýja von, gekk hún inn til frænda síns.

— Það líðu margar vikur þangað til nokk urt verulegt líf varð merkanlegt hjá hinum magnlausu manni; en smátt og smátt, og með kveljandi áreynslu, gat hann farið að nota talfærni; fyrst aðeins eins atkvæðis orð, en seinna stuttar, sundurlausar setningar. Neðri hluti líkamans, frá mjóðmunum og niður, var fyrir fult og alt máttvana, en handleggirnir og fingurnir gátu smátt og smátt farið að hreyfa sig og finna til. Það var komið vor áður en hann gat farið að tala reglulega.

Eitt kvöld sat Effie og las fyrir hann, sannfærð um af augnasvip hans, sem hún átti svo auðvelt með að skilja, að hann hlustaði og hafði ánægju af lestrinum. Hún þagnaði, þegar hún hafði lesið nokkrar mjög fagrar setningar, og leit á hann til að lesa þakklætið í augum hans. Þá hreyfði hann varir sínar og sagði lágt:

"Effie."

Hún laut niður að honum, skjálfaandi af ánægju yfir því, að heyra hina kærnu rödd, sem hún hélt að væri þögnuð fyrir fult og alt.

"Góði, góði frændi!" sagði hún innilega, og gamli maðurinn talaði aftur.

"Georg?" spurði hann.

"Hann sigldi í burtu, kærri frændi, fyrir nokkrum mánuðum síðan," svaraði hún og þvingaði sig til þess að tala rólega. "Það er apríl núna, og þeir fóru í desember. Jár," bætti hún við, "eg er hér og ánægð, svo undir hamingju-söm."

um í stutt, kvalafult líf, áður en henni tókst að út í augum hennar, sem staðfesti sannleikann í orðunum, því þau voru sönn. Það var erfitt að senda ástmög sinn í burtu; en hann leitaði og fann traust í þeirri sannfæringu, að hún hefði gert skyldu sína; og þar er hann, sem hún hafði fórn- að gæfu sinni fyrir, þurfti allan tíma hennar og ást, hugsaði hún ekki um annað, og varð yfir-máta gæfurik.

Lítil viðburður vakti endurminninguna um hinn horfna gæfudraum hennar, sem breytti hon um í stutt, kvalafult líf, áður en henni tókst að útrýma honum algerlega úr huga sínum.

Georg Bankroft kom heim ári eftir að hann hafði farið til Brazílu, og þar er faðir hans sagði af sér embættinu, var hann skipaður konsúll í stað hans. Sama blaðið, sem sagði frá útnefningu hans og burtför, gat einnig um giftingu hans og "þeirrar stúlku, sem hann hafði verið heitbundinn áður en hann lagði upp í fyrri ferð- ungfrú Láru Marshall, dóttur o. s. frv."